

Fundargerð

4. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum.
24. júní 2020 kl. 13:00 í Baldurshaga, Tjarnarbraut 4, Bíldudal

Mætt:

Stefán Gíslason (SG) formaður svæðisráðs, stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Lilja Magnúsdóttir (LM), Þorgeir Pálsson (PP), Guðfinna M. Hreiðarsdóttir (GMH), Bryndís Gunnlaugsdóttir (BG), Arnór Snæbjörnsson (AS) og Ásta Þorleifsdóttir (ÁÞ). Erla Sigríður Gestdóttir (ESG) tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ) og Jón Smári Jónsson (JSJ) sem ritaði fundargerð í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá fundar:

1. Innkomnar athugasemdir við lýsingu og viðbrögð við þeim.

EAÁ kynnir samantekt skriflegra ábendinga og athugasemda við lýsingu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum og drög að viðbrögðum við þeim. Svæðisráð fékk samantekt og drög að viðbrögðum sent í tölvupósti þann 18. júní síðastliðinn ásamt því að allar athugasemdir sem bárust voru vistaðar á svæði ráðsins inn á Teams. Farið var yfir samantektina og fyrirbyggjandi drög að viðbrögðum samþykkt með minniháttar breytingum. EAÁ falið að ganga frá skjalinu til útgáfu.

2. Ósk sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um umsögn um hugsanlegar takmarkanir eða bann við fiskeldi eða ákveðnum eldisaðferðum í sjókvíum í Jökulfjörðum

AS sagði frá því að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur óskað eftir umsögnum Fiskistofu, Matvælastofnunar, Hafrannsóknastofnunar og viðkomandi sveitarfélögum um hvort rétt sé að lýsa yfir banni við eldi laxfiska af eldisstofni í sjókvíum í Jökulfjörðum. Erindið er sent á grundvelli 1. mgr. 6. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008. Bréf ráðherra lagt fram til kynningar.

3. Minnisblað um samspil vinnu við gerð strandsvæðisskipulags við skilgreiningu eldissvæða samkvæmt lögum um fiskeldi.

Spurningar hafa vaknað um samspil annarsvegar ákvarðana um nýtingu fjarða og flóa í strandsvæðisskipulagi á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða og hinsvegar ákvarðana Hafrannsóknastofnunar um eldissvæði á grundvelli laga um fiskeldi. Að þessum sökum óskaði formaður svæðisráðs eftir því að Skipulagsstofnun tæki saman upplýsingar um það efni. Skipulagsstofnun sendi svæðisráðum minnisblað (dags. 16. júní) þess efnis með tölvupósti þann 19. júní síðastliðinn. Í minnisblaðinu kemur m.a. fram það mat Skipulagsstofnunar út frá ákvæðum fyrrgreindra laga og sjónarmiðum um heildstæða stefnumótun um skipulagsmál í fjörðum og flóum að æskilegra sé að strandsvæðisskipulagið komi á undan eða samhliða afmörkun Hafrannsóknastofnunar á eldissvæðum fyrir fiskeldi. Minnisblaðið var rætt á fundinum.

4. Ferlið framundan og verkáætlun

EAÁ fór yfir stöðu skipulagsferlisins og vinnuna framundan við mótun tillögu og umhverfismat. Meðal helstu verkefni í þessari vinnu eru mótun nýtingaflokka sem verða notaðir til þess að setja stefnu fram á uppdrætti. Annar hluti vinnu við að móta stefnu er greining á þeim sviðsmyndum og valkostum sem koma til greina við stefnumörkunina og umhverfismat þeirra.

Vinna við þessi verkefni hefst í ágúst og september og er áætlað að þeim verði lokið í apríl 2021. Að því loknu tekur við kynning og lokaafgreiðsla. Í þeim áfanga felst afgreiðsla svæðisráðs á tillögu til auglýsingar, úrvinnsla athugasemda sem berast við tillöguna, samþykki svæðisráðs á tillögu og staðfesting ráðherra. Áætlað er að þessi vinna fari fram á tímabilinu frá maí og fram á haust 2021. Þá var farið yfir áætlun um næstu fundi svæðisráðsins og hvert efni fundanna verður. Minnt á að samráðsfundir sem áttu að vera í apríl og var frestað vegna samkomutakmarkana, verða haldnir í haust.

5. Önnur mál

Svæðisráði barst erindi frá Hafrannsóknastofnun þann 16. júní sl., dags. 12. júní á grundvelli 4. gr. a. í lögum um fiskeldi. Þar er kynnt tillaga stofnunarinnar að skiptingu Arnarfjarðar í eldissvæði. Í erindinu óskar Hafrannsóknastofnun eftir umsögn svæðisráðs við tillöguna fyrir 3. júlí næstkomandi. Samþykkt var að fela formanni svæðisráðs og verkefnisstjóra að vinna drög að almennri umsögn til Hafrannsóknastofnunar í samræmi við umræður á fundi.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 16:45